

Samkomulag um brunavarnir.

Samningsaðilar og lögheimili rekstrarsamlags

1. gr.

Sveitarfélögin Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Djúpavogshreppur, Fljótsdalshreppur og Seyðisfjarðarkaupstaður gera með sér samkomulag um brunavarnir. Sérstakt rekstrarsamlag, með lögheimili á Fljótsdalshéraði og með sjálfstæðri kennitölu, er um reksturinn.

Tilgangur og fyrirkomulag

2. gr.

Tilgangur samkomulags þessa er að sinna brunavörnum á svæðinu og starfrækja sem fullkomnastar brunavarnir í hlutaðeigandi sveitarfélögum. Komi til þess að samlagið sinni öðrum samstarfsverkefnum á vegum aðildarsveitarfélaganna, s.s. sjúkraflutninga, skal gert um slíkt sérstakt samkomulag.

Slökkvistöðvar, ásamt slökkviliði, verða á Djúpavogi, Egilsstöðum, Borgarfirði, Seyðisfirði og Vopnafirði með tilheyrandi búnaði sem uppfyllir þjónustukröfur sem sveitarfélögin ætlast til að slökkviliðin veiti samkvæmt kröfum í lögum um brunavarnir og brunamál.

Mönnun slökkviliða skal vera í samræmi við gildandi lög og brunavarnaráætlun hverju sinni.

Skipan stjórnar

3. gr.

Sveitarstjórnir sem hlut eiga að samningi þessum skulu hver fyrir sig skipa einn mann í stjórn rekstrarsamlagsins og skulu það vera framkvæmdastjórar sveitarfélaganna og staðgenglar þeirra til vara.

Stjórn skiptir með sér verkum á fyrsta fundi nýrrar stjórnar.

Hlutverk stjórnar

4. gr.

Hlutverk stjórnar er að hafa með höndum umsjón með rekstri brunavarna á samningssvæðinu og ráða slökkviliðsstjóra.

Ráðinn skal sérstakur aðili til þess að halda bókhald vegna rekstrarsamlagsins.

Handwritten signature and initials: *BT*, *0.3*, *8*

Hlutverk framkvæmdastjóra

5. gr.

Slökkviliðsstjóri er framkvæmdastjóri rekstrarsamlagsins og fer með yfirstjórn slökkviliðs í þeim sveitarfélögum sem aðild eiga að samkomulagi þessu þar með talið skipulag, umsjón með æfingum, þjálfun og eftirlit.

Slökkviliðsstjóri annast skipulag og yfirstjórn brunavarna og leysir önnur þau verkefni er viðkomandi er falið af stjórn samlagsins í samræmi við starfslýsingu.

Slökkviliðsstjóri ræður slökkviliðsmenn í samráði við varðstjóra á hverjum stað.

Slökkviliðsstjóri sér um fjárreiður samlagsins og gerð fjárhagsáætlana yfir sameiginlegan rekstrarkostnað í samvinnu við stjórn. (Sjá nánar starfslýsingu.)

Slökkviliðsstjóri er ábyrgur fyrir búnaði og fasteignum og skal leggja fyrir viðkomandi sveitarstjórnir og til kynningar í stjórn, tillögur um fjárfestingar komandi árs, hjá hverju slökkviliði um sig, auk rökstuðnings. Hver sveitarstjórn fyrir sig greiðir kostnað vegna búnaðarkaupa og fjárfestinga.

Kostnaðarskipting, innheimta, kostnaðarviðmiðanir og uppgjör

6. gr.

Fyrir 1. október leggur slökkviliðsstjóri fyrir stjórn, tillögu að fjárhagsáætlun næsta árs, auk rökstuðnings sameiginlegs rekstrarkostnaðar samlagsins.

Kostnaðarskipting milli sveitarfélaganna tekur mið af íbúafjölda hvers sveitarfélags 1. desember árið á undan (50%) og samanvegið fasteignamat og brunabótamat vegi 50%. Miðað skal við íbúafjölda 1. desember árið á undan og brunabótamat 31. desember árið á undan. Kostnaðarskipting sveitarfélaganna á árinu 2012 tekur mið af íbúatölu 1. desember 2011 og brunabóta- og fasteignamati 31.12.2011.

Rekstur Slökkvistöðva og ábyrgð á búnaði

7. gr.

Sveitarstjórnirnar fjármagna sjálfar rekstur sinna slökkvistöðva að öðru leyti en því er getið er um í samningi þessum. Einnig fjármagna sveitarstjórnirnar öll búnaðarkaup og fjárfestingar.

Gildistími

8. gr.

Samningur þessi tekur gildi frá og með dagskráningu-undirskriftar-2011, 1. 2012

Ekki er hægt að segja upp einstökum þjónustubáttum án þess að segja upp samningnum í heild.

Handwritten notes: f b, B.I. 1/2, 1/2, 1/2, 1/2, 1/2

Handwritten notes: B.I. 1/2, 1/2, 1/2, 1/2, 1/2

Samningsaðilar geta óskað endurskoðunar á samningnum eða sagt honum upp með minnst 12. mánaða fyrirvara.

Meðferð ágreiningsmála


9. gr.

Rísi ágreiningur vegna samnings þessa skulu aðilar reyna sættir, en reynist nauðsynlegt að reka mál vegna samningsins skal það rekið fyrir Héraðsdómi Austurlands, Egilsstöðum.

Þessu til staðfestu undirrita aðilar samkomulag þetta í viðurvist vitundarvotta.

ATVÉÐIÐ Í VIÐKOMULAGI SVANRÆSIJÓÐUUM Í BYGGINGU DÍES 2012 BI.
15/6 2015 út M. R. f. þ


F.h. Fljótsdalshéraðs



F.h. Borgarfjarðarhrepps




F.h. Djúpavogshrepps




F.h. Fljótsdalshrepps




F.h. Seyðisfjarðarkaupstaðar




F.h. Vopnafjarðarhrepps



Vottar að rétttri dags.,
fjóræði og undirskrift
aðila:

 160749-2379

 181160-4979

Viðaukar:

Samningur um sjúkraflutninga í Vopnafirði, dags. 30.12.2010
Brunavarnaráætlun Brunavarna á Austurlandi

